

Alþingi
Erindi nr. P 141/13
komudagur 2.10.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. október 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu, 57. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Tillaga þessi var áður flutt óbreytt á 140. löggjafarþingi (14. mál) og sendu Samtök atvinnulífsins þá umsögn um tillöguna, sbr. meðfylgjandi bréf, dags. 4. nóvember 2011.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu, 14. mál.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Samtökum atvinnulífsins til umsagnar ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 14. Samkvæmt tillögunni er fjármálaráðherra falið að undirbúa að innleidd verði og lögfest fjármálaregla sem hafi að markmiði að ríkisútgjöld vaxi ekki hlutfallslega meira á ári en sem nemur hlutfallslegri meðalframleiðniaukningu næstliðin 10 ár. Innleiðing fjármálareglu er þannig ætlað að koma ríkisfjármálum í fastari skorður, skapa skilyrði fyrir lægri vöxtum á Íslandi til frambúðar, skapa skilyrði til minni hagsveiflna, minni óvissu og aukins hagvaxtar svo að krónan geti áfram þjónað sem lögeyrir á Íslandi. Þá er fjármálareglunni ætlað að styðja betur við peningamálastefnuna.

Árangursrík hagstjórn hefur löngum átt erfitt uppdráttar hér á landi. Sveiflur og óstöðugleiki hefur oftast en ásættanlegt er staðið atvinnulífinu fyrir þrífum. Undanfarna áratugi hafa íslensk stjórnvöld kosið að framfylgja peningamálastefnu sem m.a. byggir á fljótandi gengi krónunnar. Kostur þessa hefur einkum verið talinn sá að með gengisbreytingum hefur hagkerfið verið fljótara að aðlaga sig óvæntum ytri áföllum en ef gengi gjaldmiðilsins væri tengt erlendum gjaldmiðlum. Gallinn hefur hins vegar verið sá að meiri sveiflur myndast í hagkerfinu sem eru þjóðarúinu kostnaðarsamar. Þær sveiflur ætti hins vegar að vera hægt að hemja með réttari hagstjórn.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að stjórn peningamála hafi verið ætlað of mikið hlutverk í hagstjórn hér á landi síðustu 10 árin og að hlutverk ríkisfjármála hafi horfið í skuggann. Setning fjármálareglna er ekki nýtt fyrirbrigði. Þannig setur Maastricht samningurinn um myntbandalag evru-ríkja skilyrði fyrir þátttöku í gengissamstarfinu sem snúa að traustri stöðu opinberra fjármála, tiltölulega lágum vöxtum, stöðugu verðlagi og gengi. Það ætti að vera keppikefli íslenskra stjórnvalda að uppfylla þau skilyrði á hverjum tíma.

Trúverðug fjármálaregla fyrir Ísland þarf að horfa til langs tíma, vera raunsæ og framkvæmanleg. Heppilegt er að taka upp fjárlagareglu þegar Ísland kemst á leið út úr kreppunni þannig að auknum skatttekjum sem ríkið fær verði ekki eytt með ómarkvissum hætti.

Fjármálaregla fyrir Ísland þarf m.a. að miðast við að lækkun skuldastöðu ríkissjóðs, t.d. með sölu eigna, verði útgangspunktur fyrir langtímastefnu um fjármál ríkisins. Æskilegt væri að stefna að tiltekinni lækkun nettó- og brúttóskulda ríkissjóðs á næstu 10 árum. Að hluta til má reikna með því að skuldahlutfallið lækki sjálfkrafa ef landsframleiðslan vex meðan skuldir eru



Óbreyttar eða eru greiddar niður en að hluta til þarf að ganga út frá markmiði um afgang við tiltekinn hagvöxt.

Ennfremur er rétt að miða við að heildarafgangur af rekstri hins opinbera aukist ef hagvöxtur verður umfram tiltekin mörk. Dragi úr hagvexti er rétt að minnka kröfu um afgang þannig að við lítinn eða engan hagvöxt geti myndast halli.

Tryggja verður að fjárhagsstaða opinberra aðila batni og verði nægilega sterk til þess að hún þoli í framtíðinni umtalsvert áfall sem getur kallað á ófyrirséðan og verulegan hallarekstur opinberra aðila. Efnahagsleg áföll eru ekki endilega heimatilbúin og því er rétt að vera jafnan viðbúin óhagstæðri þróun erlendis sem hefur áhrif hér á landi.

Í ritinu *Nauðsynlegar umbætur í fjármálum hins opinbera* sem SA gáfu út í júní 2010 er lögð áhersla á breytt vinnulag við gerð fjárlaga. Trúverðugleiki fjárlaga er m.a. kominn undir vilja og getu ríkisstjórnar, ráðuneyta og stofnana til þess að halda útgjöldum ríkissjóðs innan heimilda fjárlaga. Í þessu sambandi má horfa til þeirra reglna og viðmiða sem best tíðkast hjá nálægum þjóðum.

Til þess að treysta fjárlagaferlið og markmið stjórnvalda í ríkisfjármálum er mikilvægt að Alþingi afgreiði markmið ríkisfjármála og heildarútgjöld til fjögurra ára á vorþingi. Alþingi afgreiði síðan útgjaldaramma ráðuneyta til fjögurra ára í byrjun haustþings þegar fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram. Heildarútgjöld og útgjaldarammar ráðuneyta verði bindandi fyrir næsta fjárlagaár og ekki breytt eftir á nema með jafn mikilli lækkun annarra málaflokka. Að þessu loknu fari Alþingi yfir fjárveitingar til einstakra verkefna.

Jafnframt er ástæða til að skilgreina hlutverk fjárukalaga þrengra en nú er gert. Tekið verði fyrir framlög til nýrra verkefna, aukins umfangs eða rekstrarhalla í fjárukalögum. Útgjaldavandi stofnana eða verkefna ríkissjóðs verði leystur með aðgerðum innan fjárlagaársins eða í fjárlögum næsta árs.

Lögfesting fjármálareglu á þeim grundvelli sem lýst er hér að framan og markvissara vinnulag við fjárlagagerð myndi án efa styðja við og auka trúverðugleika hagstjórnarinnar. Reynslan hefur sýnt að við frjálst flæði fjármagns verður vaxtastig á Íslandi að vera svipað og annars staðar í heiminum. Hert regluverk um ríkisútgjöld skapar aukinn stuðning við peningamálastefnuna einkanlega ef komið verður á formlegra samspili peningamála- og fjármálastefnunnar en tíðkast hefur. Minna álag á peningamálastefnuna yrði til þess að vextir Seðlabanka yrðu að öðru jöfnu stöðugri og lægri en ella. Aukinn stöðugleiki og minni óvissa leiðir aftur til meiri framleiðslu og efnahagslegrar velferðar til langs tíma litið.

Samtök atvinnulífsins eru hlynnt lögfestingu fjármálareglu fyrir hið opinbera, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Mikilvægt er að slík regla verði trúverðug og fylgt eftir, horfi til meðallangs tíma og stuðli að sjálfvirkri sveiflujöfnun. Ákveði Alþingi að lögfesta fjármálareglu er mikilvægt að hún verði vandlega undirbúin til að tryggja það að hún skili árangri.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins